

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 74/2008**

**frá 6. júní 2008**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1372/2007 frá 23. október 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnu- markaðskönnunar í Bandalaginu <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1392/2007 frá 13. nóvember 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar sendingu gagna um þjóðhagsreikninga <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 18a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98):  
„– **32007 R 1372**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1372/2007 frá 23. október 2007 (Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 42).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96):  
„– **32007 R 1392**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1392/2007 frá 13. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 1).“
3. Aðlögunarliður d) í lið 19d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96) hljóði svo:  
„Eftirfarandi bætist við á eftir 27. lið (Breska konungsríkið) í viðauka B undir fyrirsögninni „Undanþágur fyrir einstök aðildarríki“:  
28. Noregur  
28.1. **Undanþágur að því er varðar töflur**

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 56, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 42.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 1.

Tafla	Breytaþáttur	Undanþága	Tímabil undanþágu	Fyrstu skil
Allar töflur	Haggeiri S.1314	Engin gögn um haggeira S.1314 (gögnin sameinuð haggeira S.1311)	Öll tímabil	Engin gögn send
1, 8	Skipting S2: Önnur lönd	Fyrstu skil árið 2009 Eldri gögn aðeins frá og með árinu 1999	Fyrir 1999	Engin gögn send fyrir tímabilið fyrir 1999 Önnur ár: fyrstu skil árið 2009
3	Allar breytur eftir sundurliðuðum atvinnugreinum A60	Gögn eftir A60 send á T+23	Öll tímabil	Gögn eftir A60 send á T+23
6	Allar breytur/þættir	Árið 1995: engin gögn send	1995	Engin gögn send
10, 12, 13	Allar breytur/þættir	Engin gögn send fyrir árin 1995 og 1996 Gögn send á T+28 mánuðir	1995, 1996	Engin gögn send fyrir árin 1995 og 1996 Töflur sendar á T+28 mánuðir

## 28.2. Undanþágur vegna einstakra breytna/þátta í töflunni

Tafla	Breytaþáttur	Undanþága	Tímabil undanþágu	Fyrstu skil
6, 7	Fjármálaafleiður AF.34	Árin 1995–2009: engin gögn send Fyrstu skil árið 2011	1995–2009	Engin gögn send
6, 7	Viðskiptalán og fyrirframgreiðslur AF.71 Annað AF.79	Árin 1995–2006: engin gögn send Fyrstu skil árið 2008	1995–2006	2008

“

### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1372/2007 og 1392/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.